

## Aðgerðaráætlun Gleðibankans 2025-2026

### Inngangur:

Félagsmiðstöðin Gleðibankinn heyrir undir frístundamiðstöðina Tjörnina sem að þjónustar Vesturbæ, Miðborg og Hlíðar. Tjörnin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Félagsmiðstöðin Gleðibankinn þjónustar börn á aldrinum 10-15 ára í Miðborg og er staðsett í Hlíðaskóla, Hamrahlíð 2, 105 Reykjavík.

Forstöðumaður er Gunnlaugur Víðir Guðmundsson og aðstoðarforstöðumaður er Anna Margrét Káradóttir. Í félagsmiðstöðinni starfa 8 starfsmenn með fjölbreytta menntun og reynslu.

Starfsáætlanir frístundamiðstöðvanna 2024 – 2025 eru unnar út frá Menntastefnu Reykjavíkurborgar [https://reykjavik.is/sites/default/files/menntastefna\\_rvk\\_20x20-lores22.02.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf) og Stefnu um frístundapjónustu í Reykjavík til 2025 [https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/sfs\\_fristundastefna\\_2017\\_web.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/sfs_fristundastefna_2017_web.pdf).

Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknnum á stöðu barna og unglinga í hverfinu.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2025 og gildir til 31. ágúst 2026.

Félagsmiðstöðin Gleðibankinn fylgir starfsáætlun Tjarnarinnar sem hægt er að nálgast á heimasíðu Tjarnarinnar [www.tjornin.is](http://www.tjornin.is). Þar má finna nánari upplýsingar um markmið og leiðir í starfinu.

Aðgerðaráætlun hvernar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni.

### Opnunartími Gleðibankans :

#### 5.-6.bekkur :

Miðvikudagar : 15:30-17:00

Föstudagar : 17:00-19:00

#### 7.bekkur :

Miðvikudagar : 17:00-19:00

Föstudagar : 17:00-19:00

#### 8.-10.bekkur :

Mánudagar : 19:30-21:45

Þriðjudagar : 14:30-17:00

Miðvikudagar : 19:30-21:45

Föstudagar : 19:30-22:00

Viðvera í frímínútum og í hádegi á fimmtudögum

Vigdís feministaklúbbur hittist á föstudögum 14:30-16:00

## Leiðarljós, hlutverk, framtíðarsýn og gildi

### Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

### Leiðarljós

Barnið sem virkur þátttakandi

Fagmennska og samstarf

Einnig hefur sviðið sett sér það hlutverk að vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi. Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

### Gildi

**Fjölbreytileiki..... með opnum hug opnast dyr!**

**Umhyggja.....okkur er ekki sama!**

**Framsækni.....gott getur alltaf orðið betra!**

Megináherslur menntastefnu:

- **Félagsfærni**
- **Sjálfsþekking**
- **Læsi**
- **Sköpun**
- **Heilbrigði**

Megináherslur frístundastefnu:

- **Fjölbreytt og skemmtilegt**

- **Virk þátttaka**
- **Jöfnuður**
- **Forvarnir og lýðheilsa**
- **Fagmennska**

Megináherslur starfsskrár frístundamiðstöðva:

- **Sjálfmynd**
- **Umhyggja**
- **Félagsfærni**
- **Virkni og þátttaka**

## **Dagatal :**

### **Ágúst**

22. ágúst - Starfsdagur á hverjum stað fyrir sig

25. ágúst - Fyrsta opnun á öllum stöðum

### **September**

8.bekkjar ferð

10.-11. sept - Starfsdagar samfés

10. sept – Sameiginleg opnun (klambró?)

22-26. sept – Hinsegin vika Tjarnarinnar

29.sept - Sameiginlegur starfsmannafundur í 101

29.-30. Sept - foreldraviðtöl

### **Október**

4.-6. okt - Landsmót Samfés

15.okt - Félagsmiðstöðvadagurinn í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar (félagsmiðstöðva og ungmenntahúsavikan)

20.okt - sameiginlegur starfsmannafundur í GB

22.okt - Kvíkyndi - stuttmyndahátíð

24.okt - Haustfrí - fjölskyldudagskrá (félagsmiðstöðvar sjá um)

### **Nóvember**

3.,4.,5., og 10. nóv - Skrekkur

21. nóv – Rímnaflæði

24.nóv - sameiginlegur starfsmannafundur í Frosta

27.nóv - Krúttdagur hátíðarinnar

### **Desember**

9.des - 45 ára afmæli Samfés

### **Janúar**

2.jan - fyrsta opnun

12.jan - sameiginlegur starfsmannafundur í 105

16.jan - Samfés Con

### Febrúar

2.feb - Sameiginlegur starfsmannafundur í 101

6.feb - Danskeppni Samfés

9.-10.feb - Foreldraviðtöl

9.-13.feb - Vika 6

13.feb - Skíðaferð

16.-20.feb - Erasmus ferð stjórnenda

19-20. feb - Vetrarleyfi (barnastarf sér um dagskrá í hverfi á þriðjudeginum, unglingastarf mögulega í aðildarferð úti)

### Mars

2.mars - sameiginlegur starfsmannafundur í GB

11.mars - Söngkeppni Tjarnarinnar

14.mars - Hönnunarkeppnin Stíll

25.-26. mars – Aðalfundur Samfés

### Apríl

1.apríl - skráning í söngkeppni Samfés hefst

13.apríl - sameiginlegur starfsmannafundur í Frosta

17.-19.apríl - Hinsegin landsmót ?

21.apríl - Hinsegin prom

21.-26.apríl - Barnamenningarhátíð

### Mái

1 .maí - Verkalýðsdagur

4.maí - sameiginlegur starfsmannafundur í 105

8.maí - Samfestingurinn

9.maí- Söngkeppni Samfés

14. maí - Uppstigningardagur

25.maí - Annar í hvítasunnu

### Júní

9.júní - Skólaslit